

GJALDSKRÁ

fyrir leyfisveitingar og þjónustu skipulagsfulltrúa og byggingarfulltrúa
uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps.

1. gr.

Gildissvið.

Gjaldskráin gildir fyrir sveitarfélögin Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshrepp, Hrunamannahrepp, Skeiða- og Gnúpverjahrepp og Flóahrepp.

2. gr.

Byggingarleyfi skv. 51. gr. laga nr. 160/2010 um mannvirki.

Fyrir byggingarleyfi skal greiða eftirfarandi gjöld:

Byggingarleyfi skiptist í afgreiðslugjald og rúmmetragjald.

Fyrir sérhvert nýtt byggingarleyfi vegna nýrra mannvirkja og viðbygginga, greiðist óafturkræft afgreiðslugjald kr. 41.267.

Fyrir breytingu á áður útgefnu byggingarleyfi og fyrir byggingarleyfi sem felur í sér minniháttar breytingu á þegar byggðu mannvirki, greiðist óafturkræft afgreiðslugjald kr. 20.634.

Innifalið í afgreiðslugjaldi er skráning umsóknar, yfirferð uppdráttu og útgáfa byggingarleyfis.

Fyrir sérhvert byggingarleyfi greiðist að auki rúmmetragjald sem hér segir:

kr. pr.rúmm.

Íbúðarhúsnæði og bílgeymslur	144
Þjónustuhúsnæði (skrifstofu-, verslunar- og gistihúsnæði)	114
Iðnaðarhúsnæði og landbúnaðarbyggingar	51
Óeinangraðar skemmur og gróðurhús	38
Sumarhús	351

Innifalið í rúmmetragjaldi er útmæling og áfangaúttektir skv. byggingarreglugerð ásamt skráningu húss hjá Þjóðskrá Íslands.

3. gr.

Framkvæmdaleyfisgjald skv. 1. mgr. 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis í samræmi við 13.-16. gr. skipulagslaga ákveður sveitarstjórn gjald eftir umfangi framkvæmdar að fenginni tillögu skipulagsfulltrúa. Fjárhæð gjaldsins skal ekki vera hærrí en sem nemur kostnaði við undirbúning leyfis og lögbundins eftirlits s.s. umsýslu og málsmeðferð skipulagsfulltrúa, utanaðkomandi sérfræðivinnu, nauðsynlegra umsagna, auglýsinga o.s.frv. Lágmarksgjald skal þó vera 23.808 kr.

Þegar álit Skipulagsstofnunar skv. lögum nr. 106/2000 með síðari breytingum er nauðsynlegt vegna framkvæmdar, telst kostnaður sveitarfélagsins vegna þess, hluti af kostnaði við undirbúning leyfis.

Tímagjald skipulagsfulltrúa vegna útgáfu framkvæmdaleyfis er 8.500 kr./klst.

4. gr.

Gjald fyrir skipulagsvinnu skv. 2. mgr. 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sé þörf á að vinna skipulagsáætlun eða gera breytingu á skipulagsáætlun vegna leyfisskyldra framkvæmda eða grenndarkynna byggingarleyfisumsókn er tekið gjald miðað við umfang verkefnisins. Tekið er gjald fyrir eftirfarandi:

1. Vinna skipulagsráðgjafa að skipulagsáætlun í samræmi við reikning.
2. Kostnaður sem til fellur vegna auglýsingar og kynningar skipulagsáætlunar í samræmi við reikning.
3. Kostnaður sem til fellur vegna nauðsynlegra umsagna eða annarrar utanaðkomandi sérfræðivinnu í samræmi við reikning.
4. Vinna við umsýslu og málsmeðferð. Tímagjald skipulagsfulltrúa er 8.500 kr./klst.

Verkefni sem falla undir 4. gr.:

- Aðalskipulagsbreyting skv. 1. mgr. 36. gr.
- Óveruleg aðalskipulagsbreyting skv. 2. mgr. 36. gr.
- Nýtt deiliskipulag skv. 37.-42. gr.
- Deiliskipulagsbreyting skv. 1. mgr. 43. gr.
- Óveruleg deiliskipulagsbreyting skv. 2. mgr. 43. gr.
- Grenndarkynning byggingarleyfis skv. 44. gr.
- Málsmeðferð stakra framkvæmda skv. 1. tl. ákvæða til bráðabirgða.

5. gr.

Önnur afgangi- og þjónustugjöld.

Fyrir aðra þjónustu en innifalin er við útgáfu byggingarleyfis sbr. 2. gr. ber að greiða eftirtalin gjöld.

	kr.
Viðurkenning meistara	6.550
Stöðuleyfi	12.750
Aukaúttekt, sem ekki er innifalin í 1. gr.	17.000
Öryggisúttekt	17.000
Vottorð vegna rekstrarleyfa, án úttektar	4.250
Vottorð vegna rekstrarleyfa, með úttekt	21.250
Staðfesting eignaskiptayfirlýsinga	12.250
Afgreiðslugjald og endurnýjun leyfis án breytinga*	12.250
Afgreiðslugjald vegna takmarkaðs byggingarleyfis	12.750
Útsetning v. takmarkaðs byggingarleyfis og stöðuleyfis	35.500
Aðrar útsetningar og mælingar	skv. reikn.
Stofnun lóða í landskrá fasteigna	
<i>Grunngjald</i>	5.117
<i>Landnúmer umfram eitt</i>	2.661

* sé sótt um endurnýjun byggingarleyfis og breytingar að auki skal farið með það sem nýtt byggingarleyfi, það sem áður hefur verið greitt kemur til frádráttar.

6. gr.

Gjaldtökuheimild og breytingar á fjárhæð gjalda.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 51. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010. Gjöld samkvæmt þessari gjaldskrá miðast við byggingarvísitölu í janúar 2011, 100,8 stig, og breytast þau 1. janúar ár hvert til samræmis við breytingar á vísitölunni.

Eldri gjaldskrár vegna þjónustu skipulagsfulltrúa og byggingarfulltrúa falla úr gildi við gildistöku gjaldskrár þessarar.

Laugarvatni, 10. febrúar 2011.

F.h. sveitarstjórna Bláskógabyggðar, Grímsnes- og Grafningshrepps,
Hrunamannahrepps, Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Flóahrepps,

Helgi Kjartansson
byggingarfulltrúi.

Pétur Ingi Haraldsson
skipulagsfulltrúi.